


Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits rekstrarárið 2015

Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



Júní

2016

Skýrsla Orkustofnunar um starfsemi raforkueftirlits rekstrarárið 2015

Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Orkustofnun

**Júní
2016**

Útgefandi:
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896
Tölvupóstur: os@os.is
Heimasíða: <http://www.nea.is/>
Hönnun og uppsetning: Orkustofnun
Prentun: Oddi ehf

Ritstjórn:
Sigurður H. Magnússon
Rakel Jensdóttir
Silja Rán Sigurðardóttir
Rán Jónsdóttir
Hanna Björg Konráðsdóttir

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar og prentuð í takmörkuðu upplagi.
OS-2016-03
ISBN 978-9979-68-383-4
Efni skýrslunnar má nota, en krafist er þessa að heimildar sé getið.

Júní 2016

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. ATHUGASEMDIR SAMRÁÐSNEFNDAR EFTIRLITS-SKYLDRA AÐILA	6
2.1. ALMENNT UM ATHUGASEMDIR SAMRÁÐSNEFNDAR	6
3. MARKMIÐ RAFORKUEFTIRLITS	6
4. STARFSEMI RAFORKUEFTIRLITS	6
5. VERKEFNI RAFORKUEFTIRLITS	8
5.1. SÖFNUN BÓKHALDSGAGNA	9
5.2. SETNING OG UPPGJÖR TEKJUMARKA	10
5.3. SÉRTÆKT EFTIRLIT MEÐ SÉRLEYFISFYRIRTÆKJUM	11
5.4. HAGRÆÐINGARKRAFA	11
5.4.1. Dreifiveitur - niðurstaða sérfróðra aðila.....	12
5.4.2. Dreifiveitur - niðurstaða Orkustofnunar um hagræðingarkröfu.....	14
5.4.3. Flutningsfyrirtækið - niðurstaða Orkustofnunar og hinna sérfróðu aðila um hagræðingarkröfu.....	15
5.5. GÆÐI RAFORKU OG AFHENDINGARÖRYGGI.....	16
5.6. MÁL FYRIR ÚRSKURÐARNEFNDUM	17
5.6.1. Mál 2/2014 Norðurál Grundartangi ehf. gegn Orkustofnun.....	17
5.6.2. Mál 3/2014 Norðurál Grundartangi ehf. gegn Orkustofnun.....	17
5.7. LEIÐBEININGAR Á VEFSÍÐU ORKUSTOFNUNAR.....	17
5.8. LEYFISVEITINGAR	17
5.8.1. Raforkuflutningsvirki í Vestmannaeyjum.....	18
5.8.2. Raforkuflutningsvirki við Grundarfjörð.....	18
5.9. ERLENT SAMSTARF.....	18
5.10. FYRIRSPURNIR OG KVARTANIR.....	18
5.11. UPPRUNAÁBYRGÐIR	19
6. REKSTARÁÆTLUN RAFORKUEFTIRLITSINS	20
6.1. RAFORKUEFTIRLITSGJALD.....	20
6.2. GJALDTAKA Á GRUNDEVILLI 31. GR. RAFORKULAGA.....	20
6.3. NÝTING RAFORKUEFTIRLITSGJALDS.....	21
6.4. REKSTRARUMFANG RAFORKUEFTIRLITS ÁRIÐ 2015.....	22
6.5. YFIRLIT FYRIR ÁRIN 2012 TIL 2017	22
6.6. KOSTNAÐUR RAFORKUEFTIRLITS	23
6.6.1. Vinnuþáttur OS [b1].	23
6.6.2. Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2].....	23
6.7. ÁLAGNING EFTIRLITSGJALDS FYRIR ÁRIÐ 2016	23

Töflur:

Tafla 1.	Samandregnar niðurstöður yfir tekjur og kostnað 2014.....	5
Tafla 2.	Verkefni raforkueftirlits árið 2015, skipt eftir fjölda vinnustunda.....	8
Tafla 3.	Uppgjör tekjumarka 2015 vegna 2014.....	10
Tafla 4.	Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2014.....	11
Tafla 5.	Uppgjör tekjumarka dreifiveitna fyrir árið 2015.....	11
Tafla 6.	Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis árin 2014 og 2015.....	11
Tafla 7.	Skilvirkni dreifiveitna 2010 -2014.....	13
Tafla 8.	Árleg hagræðing á 5 ára aðlögunartími.....	13
Tafla 9.	Árleg hagræðing, 15 ára aðlögunartími.....	14
Tafla 10.	Dæmi um áhrif hagræðingarkröfu á rekstrarkostnað.....	15
Tafla 11.	Yfirlit yfir fjölda kvartana og fyrirspurna árin 2012 til 2015.....	18
Tafla 12.	Yfirlit yfir útgefnar upprunaábyrgðir.....	19
Tafla 13.	Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða.....	20
Tafla 14.	Tekjur og gjöld 2015.....	22
Tafla 15.	Yfirlit yfir árin 2011 til 2016.....	22

Mynd:

Mynd 1	Þróun skerðingar hjá dreifiveitum með hlaupandi meðaltali. SAIDI.....	16
--------	---	----

Viðaukar:

Viðauki A	Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila.....	24
-----------	---	----

1. Inngangur

Orkumálastjóri skal skv. 2. mgr. 31. gr. raforkulaga, nr. 65/2003 gefa ráðherra skýrslu fyrir 15. september ár hvert um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs vegna eftirlits á grundvelli laganna. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun eftirlitsins undangengin þrjú ár.

Verður hér gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar, sem lýtur að eftirlitsþáttum með raforkufyrirtækjum vegna árána 2013 til og með 2015. Auk þess fylgir endurskoðun á rekstraráætlun vegna ársins 2016 og áætlun fyrir árið 2017.

Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða er í kafla 5.11.

Kostnaður vegna eftirlits með upprunaábyrgðum var u.þ.b. 1,9 m.kr. á árinu 2015 og hefur hann lækkað úr 2,4 m.kr. 2014. Þessi lækkun kemur einkum til vegna bættra verkferla og aukinnar hæfni og þekkingar innan Orkustofnunar. Hlutverk Orkustofnunar vegna upprunaábyrgða hefur ekki breyst og enn hefur ekki verið gert ráð fyrir þessu vinnuframlagi í fjárveitingum til Orkustofnunar. Ekki er gert ráð fyrir því að þessi kostnaður lækki á næstu árum.

Nú liggur uppgjör vegna reksturs raforkueftirlits árið 2015 fyrir og nam kostnaður við rekstur eftirlitsins 130,0 m.kr. Tekjur raforkueftirlits á árinu 2015 voru 108,6 m.kr. Tap er á rekstri raforkueftirlits á árinu 2015 en það skýrist m.a. af aukni álagi vegna aukinna verkefna ásamt því að tímagjald raforkueftirlits hefur hækkað um 17% frá 2014. Ekki er búist við að afgangur verði á rekstri eftirlitsins á næstu árum.

Samandregnar niðurstöður fyrir árið 2015 sjást í töflu 1. Sjá nánari sundurliðun fyrir vinnuþátt í kafla 4 og önnur gjöld í kafla 5.4.

Tafla 1. Samandregnar niðurstöður yfir tekjur og kostnað 2014 og 2015 þ.kr.

Texti	Upphæð 2014	Upphæð 2015	Mism. kr. 2015-2014
Tekjur.....	103.279	108.576	5.297
Vinnuþáttur OS.....	-91.751	-100.251	8.500
Önnur gjöld.....	-13.455	-29.803	16.348
Mismunur.....	-1.926	-21.478	19.552

Samkvæmt raforkulögum greiðir flutningsfyrirtæki 0,4 auro á hverja kWst af raforku sem mötuð er inn á flutningskerfið og dreifiveitur 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem móttækin er frá flutningskerfi eða beint frá virkjun.

Athygli er vakin á því að enginn gjaldstofn er til staðar fyrir eftirlit með upprunaábyrgðum til að standa undir lögbundnu eftirliti Orkustofnunar með útgáfu þeirra.

2. Athugasemdir samráðsnefndar eftirlits-skyldra aðila

Í þessum kafla koma fram skýringar raforkueftirlits Orkustofnunar vegna umsagnar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila við drög að skýrslu stofnunarinnar en þar sem slík umsögn skal fylgja skýrslunni fær nefndin drög að skýrslunni til umsagnar áður en hún er gefin út.

2.1. Almennt um athugasemdir samráðsnefndar

Athugasemdir samráðsnefndar varða:

- Almennt kostnaðaraðhald.
- Tillögu um 40% hækkun raforkueftirlitsgjalds.
- Fjármagni ekki kostnað vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa.
- Hagræðingarkröfu.

Athugasemdir samráðsnefndar eru þess eðlis að þær leiða ekki til að breyta þurfi efni skýrslunnar. Í sumum athugasemdum t.d. varðandi hagræðingarkröfu kemur fram að sumt varði ekki efni skýrslunnar beint. Þó vill Orkustofnun áréttta eitt varðandi liðinn „Fjármagni ekki kostnað vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa“ að kostnaður vegna vinnuþátta upprunaábyrgða eða gjaldahluta (annan kostnað) er ekki neinum sundurliðuðum í skýrslunni og hefur því neikvæð afkoma raforkueftirlit ekkert með vinnu eftirlitsins með að gera. Í samræmi við fyrri athugasemdir samráðsnefndar er hins vegar birt í sérstöku yfirlit yfir kostnað vegna vinnuþátta vegna upprunaábyrgða og annan kostnað ef hann á við.

3. Markmið raforkueftirlits

Markmið raforkueftirlits er að veita sérleyfisfyrirtækjum, sem annast flutning og dreifingu raforku, aðhald til að tryggja að raforkunotendur búi við afhendingaröryggi á raforku gegn sanngjörnu verði. Til að ná fram því markmiði eru leyfðar tekjur fyrirtækjanna ákvarðaðar, lögum samkvæmt, með setningu og uppgjöri tekjumarka. Til að tryggja að öðrum markmiðum raforkulaga sé fullnægt, vinnur raforkueftirlit Orkustofnunar að uppbyggingu á eftirliti með öðrum þáttum raforkulaga.

4. Starfsemi raforkueftirlits

Mannabreytingar voru á árinu 2015 en en á árinu hættu lögfræðingur eftirlitsins og sérfræðingur í verkfræði raforkumála. Nýir starfsmenn hófu störf um mitt ár 2015.

Á árinu 2015 var unnið að endurútreikningi á raforkuspá frá 2010 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum og nær endurútreikningur fyrir tímabilið 2014 til 2050. Endurútreikningur er gerður á 5 ára fresti en á milli endurútreiknings er raforkuspáin uppfærð árlega. Endurútreikningur er mun umfangsmeiri og dýrari en árleg uppfærsla.

Fyrir utan hefðbundna vinnu raforkueftirlits við uppgjör tekjumarka var einnig unnið að setningu tekjumarka en slík vinna fer fram á fimm ára fresti. Í tengslum við setningu tekjumarka var lögð mikil vinna í að greina og ákvarða hagræðingarkröfu fyrir dreifiveitur og flutningsfyrirtækið. Ekki náðist að ljúka setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins á árinu 2015. Eftir setningu tekjumarka og ákvörðun um hagræðingarkröfu dreifveitna voru þrjár ákvarðanir varðandi hagræðingarkröfu kærðar til úrskurðarnefnda raforkumála. Það má því segja að aukið álag hafi verið á starfsemi raforkueftirlits á árinu 2015.

Gerð var breyting á raforkulögum á vorþingi 2015 en með þeirri breytingu fékk Orkustofnun nýtt verkefni sem felst í því að stofnunin á að taka ákvörðun varðandi kerfisáætlun Landsnets. Á móti breytist verklag Orkustofnunar þannig að hún á ekki að gefa út leyfi fyrir ákveðnum framkvæmdum. Í kostnaðarmati fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna þessa nýja verkefnis var gert ráð fyrir kostnaðarauka sem

samsvarar hálfu stöðugildi en ekki er hægt að sjá í fjárlögum 2016 að tekið hafi verið tillit kostnaðarmatsins. Vinna Orkustofnunar við kerfisáætlun Landsnets hófst seint á árinu 2015 og er gert ráð fyrir að niðurstaða Orkustofnunar liggi fyrir snemma á árinu 2016.

Á árinu 2015 var stefnt að því að setja nýja reglugerð varðandi ávöxtunarkröfu (WACC) og var Orkustofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til ráðgjafar en einnig komu utanaðkomandi aðilar að málinu. Umfang ráðgjafar Orkustofnunar var mjög umfangsmikið og tímafrekt. Ekki náðist að klára vinnu við reglugerðina fyrir árslok 2015.

Þá er raforkueftirlit einnig þátttakandi í Neyðarstjórnun raforkukerfisins [NSR] sem Landsnet stýrir. Árlega eru haldnir fundir og einnig ein æfing. Haustið 2015 var haldin viðamikil æfing sem byggði bæði á rafmagnsleysi og hryðjuverkaárás. Slíkar æfingar eru gerðar eins raunverulega og mögulegt er og var niðurstaðan sú að æfingin hefði tekist mjög vel. Æfingin var að hluta til send út á netinu svo að þeir aðilar sem ekki tóku beint þátt í æfingunni gátu fylgst með henni á netinu.

Raforkueftirlit er virkt í erlendu samstarfi. Bæði varðandi erlendar stofnanir og stjórnvöld. Helsta erlenda samstarfið er við NordReg (Nordic Energy Regulators) um ýmis mál varðandi raforkueftirlit og NordBER (Nordic Contingency Planning and Crisis Management Forum) um neyðarstjórnun raforkukerfisins.

Sérfræðingar vinna meðal annars að setningu og uppgjöri tekjumarka svo og þróun og viðhaldi verkferla, leiðbeininga og gæðakerfis vegna þessarar vinnu. Í tengslum við þá vinnu endurskoða þessir starfsmenn gagnaskil eftirlitsskyldra aðila með það að markmiði að tryggja fullnægjandi upplýsingar til grundvallar samanburðagreiningar og hagræðingarkröfu á hendur þeim. Einnig vinna þeir að þróun annarra verkferla þ.á.m. vegna framkvæmdar úttekta og skýrslugerðar vegna þessa.

Lögfræðingur/-ar sér um lagalega túlkun og umgjörð allra formlegra erinda raforkueftirlits. Lögfræðingur fylgist með þróun verklagsreglna til að tryggja að lagalegum og stjórnsýslulegum skilyrðum sé fullnægt. Lögfræðingur er einnig til aðstoðar við val og framsetningu gagna á vef til að tryggja að lögformlegum skilyrðum sé fullnægt og að trúnaður gagnvart eftirlitsskyldum aðilum sé ekki brotinn. Lögfræðingur þróar stöðluð erindi og bréf sem hluta af gæðakerfi og samræmir aðgerðir sem gripið er til gagnvart eftirlitsskyldum aðilum ef lagaskilyrðum er ekki fullnægt.

Fleiri tilfallandi verkefnum er sinnt af starfsmönnum raforkueftirlitsins eins og rýni laga og reglugerða og innleiðing á laga- og reglugerðarbreytingum inn í verklagsreglur og gæðakerfi stofnunarinnar. Auk þess svara starfsmenn fyrirspurnum, kvörtunum og öðrum erindum sem berast raforkueftirlitinu.

Raforkueftirlitið nýtir alla stoðþjónustu Orkustofnunar eins og yfirstjórn, skjalavörslu, bókhald, fundaraðstöðu og upplýsingafulltrúa svo að eitthvað sé nefnt og er kostnaður vegna starfsaðstöðu og stoðþjónustu innifalinn í tímagjaldi starfsmanna raforkueftirlits.

5. Verkefni raforkueftirlits

Eftirlit Orkustofnunar með aðilum á raforkumarkaði byggir á ákvæðum raforkulaga nr. 65/2003. Ákvæði raforkulaga byggja á tilskipunum á sviði raforkumála sem innleiddar hafa verið í íslenska löggjöf á grundvelli aðildar Íslands að EES samningnum.

Í annarri raforkutilskipuninni (Tilskipun 2003/54/EB), sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt með raforkulögum, er kveðið sérstaklega á um skyldu eftirlitsaðila til skýrslugjafar en í 23. gr. tilskipunarinnar kemur fram að eftirlitsaðili eigi að gera grein fyrir því í árlegri skýrslu hvernig eftirliti samkvæmt ákvæðinu hefur verið framfylgt. Í samræmi við ákvæðið gerir Orkustofnun í þessari skýrslu grein fyrir því hvernig eftirliti samkvæmt ákvæðinu er háttað.

Orkustofnun hefur það hlutverk að hafa eftirlit með öllum þeim þáttum sem tilgreindir eru í ákvæðinu. Það er misjafnt með hvaða hætti Orkustofnun sinnir eftirlitshlutverki sínu vegna þeirra þátta sem tilgreindir eru í ákvæðinu.

Orkustofnun getur sinnt eftirliti sínu með því að framkvæma svokallaðar frumkvæðisathuganir. Þetta getur t.d. átt við í þeim tilvikum þar sem Orkustofnun telur ástæðu til þess að ætla að brotið hafi verið gegn löggjöf á sviði raforkumála. Þá lætur Orkustofnun reglulega framkvæma sértækar úttektir á starfsemi sérleyfisfyrirtækja á raforkumarkaði. Orkustofnun sinnir einnig reglubundnu eftirliti með ákveðnum þáttum s.s. með gæðum raforku hjá eftirlitsskyldum aðilum.

Að lokum er rétt að geta þess að eftirlitshlutverk Orkustofnunar fer einnig fram við meðferð stofnunarinnar á kvörtunum en aðilar geta kvartað til stofnunarinnar ef þeir telja að aðilar á raforkumarkaði starfi ekki í samræmi við gildandi lög og reglur. Á árinu 2015 bárust Orkustofnun fimm kvartanir þar sem því var haldið fram að fyrirtæki á raforkumarkaði störfuðu ekki í samræmi við lög. Allar ákvarðanir Orkustofnunar í kvörtunarmálum eru kærnanlegar til úrskurðarnefndar raforkumála en á árinu voru tvær ákvarðanir stofnunarinnar kærðar til nefndarinnar. Auk kvartana berast Orkustofnun árlega fjölmargar fyrirspurnir er lúta að túlkun gildandi laga og reglna á raforkumarkaði.

Verkefni raforkueftirlits eru afar fjölbreytileg og ekki alltaf fyrirsjáanleg. Stærstu málaflokkarnir varða raforkueftirlit almennt sem varðar óskiptanlegan vinnuþátt, greiningu og úttekt ásamt vinnu vegna tekjumarkna.

Tafla 2. Verkefni raforkueftirlits árið 2015, skipt eftir fjölda vinnustunda

Nr.	Texti	Hlutf.	Fjöldi tíma
1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna..	2,0%	152
2.	Tekjumörk.....	10,5%	803
3.	Greining og úttekt.....	10,6%	808
4.	Raforkueftirlit, Almenn.....	37,5%	2.856
5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga.....	11,4%	871
6.	Raforkuspá.....	1,3%	102
7.	Alþjóðleg samvinna.....	5,1%	388
8.	Innlend samvinna.....	4,5%	344
9.	WACC.....	5,1%	387
10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.....	2,2%	166
11.	Hagræðingarkrafa.....	9,3%	707
12.	Ráðstefnur.....	0,1%	8
13.	Námskeið.....	0,2%	19
	Samtals.....	100,0%	7.609

Liðurinn “Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna” varðar útgáfu leyfa, á grundvelli 2. mgr. 9. gr. raforkulaga en þar er kveðið á um að flutningsfyrirtækjum beri að óska leyfis frá Orkustofnun fyrir nýjum raflínum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærri.

Liðurinn “Tekjumörk” varðar setningu og uppgjör tekjumarka eftirlitsskyldra aðila.

Liðurinn “Greiningar og úttekt” varðar framkvæmd ýmissa úttekta. Sumar úttektir eru framkvæmdar með því að kalla eftir upplýsingum um ákveðna þætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila eins og t.d. skömmtunareglur. Tvær úttektir voru framkvæmdar á árinu 2015. Undir þennan lið heyrir einnig vinna varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi sem felst m.a. í upplýsingaöflun og úrvinnslu varðandi framangreinda þætti.

Liðurinn “Raforkueftirlit, almennt” varðar ýmis tilfallandi verk starfsmanna eins og samskipti í tölvupósti og ýmsa innri starfsemi sem ekki tengist einu verkefni sérstaklega.

Liðurinn “Öflun gagna og miðlun upplýsinga” varðar öflun gagna, úrvinnslu á þeim og birtingu á tölfraeðilegum upplýsingum um raforkumál, auk skýrslugerðar um þau mál fyrir innlendar og erlendar stofnanir.

Liðurinn „Raforkuspá“ varðar vinnu Orkustofnunar í raforkuhóp orkuspárnefndar.

Liðurinn “Alþjóðleg samvinna” varðar þá vinnu sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í vegna alþjóðlegs samstarf.

Liðurinn „Innlend samvinna“ varðar fundi með innlendum aðilum um raforkueftirlitsmál eins og t.d. með samráðshópi eftirlitsskyldra aðila.

Liðurinn “WACC” varðar vinnu Orkustofnunar varðandi leyfða arðsemi.

Liðurinn “Lögfræðilega mál, kærur ofl.” varðar vinnu orkustofnunar við ýmis lögfræðileg mál en kærumál eru stór hluti af skráðum tíma á þennan verklið.

Liðurinn “Ráðstefnur” varðar þátttöku raforkueftirlits á innlendum og erlendum ráðstefnum.

Liðurinn “Námskeið” varðar þann tíma sem starfsmenn raforkueftirlits hafa tekið þátt í námskeiðum og endurmenntun.

Í köflum 5.1 – 5.12 verður fjallað sérstaklega um ákveðna þætti á sviði raforkueftirlits sem Orkustofnun sinnir. Þá verður einnig gerð grein fyrir vinnu stofnunarinnar í tengslum við útgáfu upprunavottorða.

5.1. Söfnun bókhaldsgagna

Eins og verklagsreglur Orkustofnunar segja til um var bókhalds- og tækniupplýsinga fyrir árið 2014 aflað vorið 2015. Bókhaldsgögnin eru yfirfarin af endurskoðunarfyrtæki til að staðfesta að þau séu í samræmi við ársreikninga fyrirtækjanna og að færsla kostnaðar sé í samræmi við raforkulög.

Starfsemi veitufyrirtækjanna er að nokkru leyti ólík sem og umfang starfsemi þeirra. Oftast eru fyrirtækin einnig með aðra starfsemi s.s. sölu á heitu og köldu vatni. Raforkulög gera ráð fyrir aðskilnaði bókhalds raforkufyrirtækja milli framleiðslu, dreifingar og sölu raforku. Bókhald fyrirtækjanna þarf að endurspeglu ólíka þætti starfseminnar svo að Orkustofnun geti gegnt hlutverki sínu.

Þeim fyrirtækjum sem um ræðir er ekki gert að skila Orkustofnun ársreikningum fyrr en 1. maí ár hvert þannig að öll vinna raforkueftirlits við rýni á gögnum frá eftirlitsskildum aðilum, vinna endurskoðenda og uppgjör tekjumarka dreifiveitna, verður að eiga sér stað á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis skal vera lokið 1. ágúst.

5.2. Setning og uppgjör tekjumarka

Núverandi tekjumarkatímabil tekur til árána 2011 til 2015. Ákvörðun um tekjumörk dreifiveitna fyrir tímabilið 2016 til 2020 var tekin 30. nóvember 2015. Ekki náðist að ljúka vinnu við setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins á árinu 2015 og var það fyrst og fremst vegna mikils vinnuálags auk þess sem Landsnet óskaði eftir því að ýmsir þættir vegna setningarinnar yrðu endurskoðaðir.

Tekjumörk eru að jafnaði sett fyrir 15. september árið áður en tekjumarkatímabilið hefst, og tekjumörk skulu gerð upp fyrir 1. september fyrir dreifiveitur og fyrir 1. ágúst fyrir flutningsfyrirtækið, ár hvert. Þetta þýðir til dæmis að tekjumörk fyrir árið 2014 eru gerð upp árið 2015. Við uppgjör eru rauntekjur viðkomandi dreifiveitu eða flutningsfyrirtækisins bornar saman við reiknuð tekjumörk þeirra. Dreifiveiturnar eða flutningsfyrirtækið eru því annað hvort með hærri tekjur en tekjumörk, þ.e. ofteknar tekjur, eða lægri tekjur en tekjumörk þ.e. vanteknar tekjur. Ofteknar tekjur eða vanteknar tekjur eru síðan lagðar saman eða dregnar frá ofteknum eða vanteknum tekjum uppgjörsins á síðasta ári, og svo koll af kolli, allt til ársins 2005, þegar tekjumörk voru í fyrsta skipti gerð upp fyrir íslenskar dreifiveitur og flutningsfyrirtæki. Uppsafnaðar ofteknar eða vanteknar tekjur mega skv. raforkulögunum ekki hafa hærri skekkjumörk en 10% af tekjumörkum viðkomandi dreifiveitu eða flutningsfyrirtækisins.

Árið 2015 var mjög annríkt hjá raforkueftirlitinu, mikil vinna fór í undirbúning gagna fyrir setningu tekjumarka, og unnið var náði með sérfróðum aðilum við að skoða rekstrargögn flutningsfyrirtækisins og dreifiveitnanna sem svo nýttust þeim í framkvæma hagrænt mat, sem getur falið í sér hagræðingarkröfu, en slík vinna er hluti af setningu tekjumarka, fjallað er nánar um hagræðingarkröfu í kafla 5.4. Eftir langt umsagnarferli, þann 21. júlí 2015, var var tekin ný ákvörðun um arðsemi fyrir tekjumarkatímabilið 2011-2015, en sú ávörðun var feld úr gildi í desember 2013. Eftir að ný ákvörðun lá fyrir þurfti að endurreikna öll uppgjör flutningsfyrirtækisins og dreifiveitnanna aftur til ársins 2011. Þetta varð til þess að töluvert álag var á raforkueftirlitnu á sumar og haustmánuðum, og frestaðist því setning tekjumarka eins og fram hefur komið.

Tekjumörk sérleyfisfyrirtækjanna nema u.þ.b. 30 milljörðum króna, annars vegar um 18 milljarðar til dreifiveitna og um 12 milljarðar til flutningsfyrirtækis. Til að tryggja að markmiðum raforkulaga sé náð, þarf einnig að sinna eftirliti með öðrum þáttum í starfsemi flutningsfyrirtækisins, Landsnets, og dreifiveitnanna.

Uppgjör tekjumarka 2015 vegna 2014 er sem hér segir [í milljörðum króna]:

Tafla 3. Uppgjöri tekjumarka 2015 vegna 2014

HS Veitur.....	2,6
Norðurorka.....	0,6
OV.....	1,1
RafRey.....	0,1
RARIK.....	7,5
Veitur.....	6,4
Samtals	18,3
Landsnet.....	12,0

Eftirfarandi eru dagsetningar á uppgjöri á tekjumörkum hjá dreifiveitum vegna áranna 2014 og 2015.

Tafla 4. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna árið 2014.

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur	29.8.2014
Norðurorka	19.9.2014
Orkubú Vestfjarða	30.9.2014
Orkuveita Reykjavíkur	19.9.2014
Rafveita Reyðarfjarðar	19.9.2014
RARIK	29.8.2014

Tafla 5. Uppgjör tekjumarka dreifiveitna árið 2015.

Dreifiveita	Dagsetning uppgjors
HS Veitur.....	22.9.2015
Norðurorka.....	4.9.2015
Orkubú Vestfjarða.....	28.8.2015
Veitur ofh. (var Orkuveita Reykjavíkur).....	28.8.2015
Rafveita Reyðarfjarðar.....	28.8.2015
RARIK.....	28.8.2015

Tafla 6. Uppgjör tekjumarka flutningsfyrirtækis árin 2014 og 2015.

Flutningsfyrirtæki - Uppgjör tekjumarka	Dagsetning uppgjors
Landsnet 2014.....	1.8.2014
Landsnet 2015.....	1.8.2015

Ennfremur fór töluverð vinna raforkueftirlits í setningu tekjumarka flutningsfyrirtækis og dreifiveitna. Setning tekjumarka dreifiveitna var ákvörðuð 30. nóvember 2015 sem er seinna en ákveðið er í raforkulögum sem skýrist af skyldum Orkustofnunar til að leggja á mögulega hagræðingarkröfu á dreifiveitur. Ekki var lögð hagræðingarkrafa á flutningsfyrirtækið Landsnet.

5.3. Sértekt eftirlit með sérleyfisfyrirtækjum

Einn af eftirlitspáttum Orkustofnunar felst í sértæku eftirliti þar sem mögulega eru gerðar ákveðnar sértækar og ítarlega úttektir. Á árinu 2015 voru framkvæmdar úttektir á eignastofni tveggja dreifiveitna. Niðurstaða úttektanna má sjá á heimasíðu Orkustofnunar.

5.4. Hagræðingarkrafa

Orkustofnun hefur það lögbundna hlutverk að setja flutningsfyrirtækinu og dreifiveitum tekjumörk á grundvelli 12. gr. og 17 gr. raforkulaga nr. 65/2003. Samkvæmt raforkulögum, eru tekjumörk ákvörðuð út frá ákveðnum viðmiðum, þ.e. rekstrarkostnaði, leyfðri arðsemi, afskriftum af fastafjármunum og sköttum. Náist ekki markmið raforkulaganna um skilvirkni í rekstri flutningsfyrirtækisins og dreifiveitnanna með afmörkun tekjumarkatímabíla, sbr. 4 mgr. 12. og 4. mgr. 17. gr. raforkulaganna, er Orkustofnun heimilt að setja flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum hagræðingarkröfu fyrir nýtt tekjumarkatímabil, að fengnu mati sérfróðra aðila, eftir að flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um slíkar fyrirætlanir. Slík hagræðingarkrafa skal byggjast á sjónarmiðum um hvað telst skilvirkni í rekstri, í sambærilegum fyrirtækjum, studd af undangengnu hagrænu mati. Orkustofnun skal tilkynna flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum með tveggja mánaða fyrirvara ef framkvæma á slíkt mat og skal því lokið eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir upphaf viðkomandi tekjumarkatímabíls.

Orkustofnun tók ákvörðun um hagræðingarkröfu fyrir dreifiveitur með setningu tekjumarka dreifiveitnanna þann 30. nóvember 2015. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins fyrir árin 2016-2020, vinnan er langt komin og er ákvörðunar að vænta á allra næstu dögum eða vikum.

Undirbúningur stofnunarinnar er hagræðingarkröfu varðar hófst í byrjun árs, 2015. Á samráðsfundi, með fulltrúum frá flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum, þann 20. febrúar 2015 og með bréfi dags. 11. mars 2015 voru tilkynntar þær fyrirætlanir Orkustofnunar að skoða hvort ástæða væri til að fram fari hagrænt mat á dreifiveitunum og flutningsfyrirtækinu, er varðar þróun rekstrarkostnaðar fyrirtækjanna og þeim gefinn kostur á að tjá sig um þær fyrirætlanir. Um svipað leyti skipaði Orkumálastjóri tvo sérfróða aðila, þá Arnþór Þórðarson, rafmagnsverkfræðing og rekstrarhagfræðing og Jón Skafta Gestsson, hagfræðing, frá Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar ehf. til að meta, í samstarfi við Orkustofnun, hvort ástæða væri til að framkvæma hagrænt mat.

Með bréfi dags. 1. júlí 2015, kynnti Orkustofnun það mat hinna sérfróðu aðila að fara skyldi fram hagrænt mat á dreifiveitunum og flutningsfyrirtækinu, eftir að þeir höfðu kynnt sér þróun raun rekstrarkostnaðar fyrirtækjanna á árunum 2010 - 2014.

Þann 25. ágúst sl. skiluðu hinir sérfróðu aðilar Orkustofnun drög að skýrslu með niðurstöðum hagræna matsins, og lokaútgáfu þann 31. ágúst 2015. Í kjölfarið komist Orkustofnun að niðurstöðu um hagræðingarkröfu dreifiveitnanna fyrir tekjumarkatímabilið 2016 –2020, eftir að hafa rýnt framangreinda skýrslu.

5.4.1. Dreifiveitur - niðurstaða sérfróðra aðila

Niðurstaða hinna sérfróðu aðila var byggð á þeim rekstrargögnum og veitukerfisupplýsingum frá árunum 2010 –2014, sem veiturnar senda Orkustofnun fyrir 1. maí ár hvert á grundvelli fjárhags- og rekstrarlegrar eftirlitsskyldu Orkustofnunar sbr. 16. gr., 17. gr., 25. gr. og 41. gr. raforkulaga. Með bréfi dags. 1. júlí 2015, gafst dreifiveitunum kostur á að koma að athugasemdum við umrædd gögn til Orkustofnunnar og svara spurningum frá hinum sérfróðu aðilum um rekstrargögnin þar sem ætlunin var að varpa skýrara ljósi á tiltekna kostnaðarliði í rekstrinum. Orkustofnun kom svörðum dreifiveitnanna og athugasemdum við gögnin á framfæri við hina sérfróða aðila og var tekið tillit til þeirra þegar forsendur hagræna matsins voru unnar. Sú hagræðingarkrafa sem var kynnt veitunum þann 1. september 2015, hefur einungis áhrif á settan rekstrarkostnað fyrirtækjanna sem einnig var tekin ákvörðun um í september 2015. Settur rekstrarkostnaður byggir á meðalrekstrarkostnaði fyrirtækjanna á árunum 2010-2014, og þar með þeim gögnum sem voru til skoðunar við hagrænt mat, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 17 gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Niðurstöðum hagræna matsins og aðferðarfræðinnar sem stuðst er við, eru gerð ítarleg skil í skýrslu hinna sérfróðu aðila, *Mat áskilvirkni íslenskra dreifiveitna*, sem send var á allar dreifiveiturnar. Aðferðarfræðin byggir á svokallaðri gagnaumgjarðarfræði (e. data envelopment analysis) sem er þekkt aðferðarfræði sem hefur verið beitt út um allan heim við mat á skilvirkni fyrirtækja í sérleyfisstarfsemi. Þá hefur aðferðarfræðin einnig verið talin heppileg að mati Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands viðmat áskilvirkni íslenskra dreifiveitna, sbr. skýrsla hinna sérfróðu aðila.

Gagnaumgjarðarfræði er aðferð sem byggir á línulegri bestun og ber saman einstakar skilvirkni mælieiningar. Skilvirkni mælieining, þar sem talan 100 táknar fullkomna skilvirkni, mælir hversu vel fyrirtæki tekst til að breyta aðföngum í afurðir. Þessi umbreyting er svo metin og borin saman þannig að fyrir hverja skilvirkni mælieiningu myndast svokallaður framleiðsluáætlun, þar sem skilvirkustu veiturnar liggja. Því er hægt að meta skilvirkni fyrirtækjanna, út frá því hversu langt frá þessum framleiðsluáætlun þau eru staðsett.

Í skýrslu hinna sérfróðu aðila eru fjórar skilvirkni mælieiningar metnar, afltoppur, dreift rafmagn, línulengd og fjöldi mæla. Lokaniðurstaða um skilvirkni fyrirtækjanna er svo fengin með því að taka hreint meðaltal af þessum fjórum þáttum. Taka skal fram að litill var á dreifbýlisveitur sem sérstakar veitur í þessari greiningu og Rafveita Reyðarfjarðar var ekki höfð með í samanburðinum vegna smæðar veitunnar í samanburði við aðra og vegna þess að ekki voru til staðar samanburðarhæf gögn hjá veitunni. Vegna

smæðar úrtaksins settu sérfræðingarnir gólf áskilvirkni veitnanna þar sem engin veita gat farið niður fyrir skilvirknina 70 af 100.

Niðurstaða hinna sérfróðu aðila áskilvirkni dreifiveitna 2010-2014 var eftirfarandi:

Tafla 7. Skilvirkni dreifiveitna 2010 - 2014

Skilvirknimælieining						
	linulengd [skilvirkni]	aftoppur [skilvirkni]	dreift rafmagn [skilvirkni]	fjöldi mæla [skilvirkni]	Meðaltal	Meðaltal með 70% gólf
Rarík DB	100	42	42	27	52,7	77,5
Orkubú Vestjarða DB	84	23	22	21	37,4	73,5
Norðurorka	42	91	85	87	76,3	83,4
OR Veitur ohf.	28	89	92	100	77,1	87,6
HS Veitur	38	91	89	81	75,0	82,9
Rarík ÞB	18	100	100	55	68,3	85,0
Orkubú Vestjarða ÞB	11	96	93	18	54,5	82,4
Meðaltal [skilvirkni]	46	76	75	56	63,1	81,8

Hinir óháðu sérfróðu aðilar byggja mat sitt áhagræðingarkröfu á því að reikna út hversu mikið viðkomandi veita þarf að auka skilvirkni sína á hverju ári á næstkomandi tekjumarkatímabili til þess að viðkomandi veita verði 100% skilvirk við lok tímabilsins, þ.e.a.s. 5 ára aðlögunartími. Gæta þarf uppsafnaðra áhrifa þegar slíkt er reiknað út og er það gert með eftirfarandi formúlu:

$$\text{Álega hagræðingarkrafa} = 1 - \sqrt[5]{\text{skilvirkni} / 100}$$

Niðurstöður hinna sérfróðu aðila m.v. framangreindar forsendur eru því eftirfarandi:

Tafla 8. Árleg hagræðing á 5 ára aðlögunartími

Árleg hagræðing næstu fimm ár m.v. 5 ára aðlögunartíma	
Rarík DB	5,0%
Orkubú Vestjarða DB	6,0%
Norðurorka	3,6%
OR Veitur ohf.	2,6%
HS Veitur	3,7%
Rarík ÞB	3,2%
Orkubú Vestjarða ÞB	3,8%
Meðaltal	3,9%

5.4.2. Dreifiveitur - niðurstaða Orkustofnunar um hagræðingarkröfu

Orkustofnun fór ítarlega yfir niðurstöðu hinna sérfróðu aðila og var það mat stofnunarinnar að byggja niðurstöðu sína á þeirri aðferðafræði og niðurstöðum sem fram koma í skýrslu hinna sérfróðu aðila. Engu að síður telur Orkustofnun rétt að gæta meðalhófs gagnvart dreifiveitunum í niðurstöðu stofnunarinnar. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem þessari aðferðafræði hefur verið beitt hér á landi er henni beitt af varúð, á þann hátt að viðkomandi veita þurfi að vera orðin 90% skilvirk m.v. framangreindar forsendur eftir þrjú tekjumarkatímabil, þ.e. 15 ára aðlögunartíma. Var það mat Orkustofnunar að niðurstaða stofnunarinnar endurspegli markmið raforkulaga um að tryggja skilvirkni í rekstri dreifiveitnanna. Rétt er að geta þess að þrátt fyrir að niðurstaða Orkustofnunar byggji á því að viðkomandi veita þurfi að vera orðin skilvirk miðað við framangreindar forsendur eftir þrjú tekjumarkatímabil, getur stofnunin engu að síður sett dreifiveitum hagræðingarkröfu á ný að loknu því tekjumarkatímabili sem nú fer í hönd telji stofnunin tilefni til þess sbr. 4. mgr. 17. gr. raforkulaga. Með vísan til framangreinds reiknast árleg hagræðingarkrafa með eftirfarandi hætti:

$$\text{Árlega hagræðingarkrafa} = 1 - \sqrt[15]{\text{skilvirkni}/90}$$

Eins og fram hefur komið var Rafveita Reyðarfjarðar ekki höfð með í útreikningum hinna sérfróðu aðila vegna smæðar veitunnar og skorts ásamanburðarhæfum gögnum. Þar sem ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um Rafveitu Reyðarfjarðar og aðrar dreifiveitur, telur Orkustofnun rétt að miða hagræðingarkröfu fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar við meðaltal árlegrar hagræðingarkröfu hjá dreifiveitunum sjö og miða þá við 0,6% árlega hagræðingu á næstu fimm árum. Í ljósi framangreinds verður árleg hagræðingarkrafa því eftirfarandi átekjumarkatímabilinu 2016-2020:

Tafla 9. Árleg hagræðing, 15 ára aðlögunartími

Árleg hagræðing næstu fimm ár m.v. 15 ára aðlögunartíma	
Rarík DB	1,0%
Orkubú Vestjarða DB	1,3%
Norðurorka	0,5%
OR Veitur ohf.	0,2%
HS Veitur	0,5%
Rarík ÞB	0,4%
Orkubú Vestjarða ÞB	0,6%
Meðaltal	0,6%
Rafveita Reyðarfjarða	0,6%

Eins og fram hefur komið þarf að gæta uppsafnaðra áhrifa í þessari aðferðafræði þegar áhrif árlegrar hagræðingar á rekstrarkostnað eru reiknuð. Tafla 4 sýnir einfalt dæmi um áhrif 0,6% árlegrar hagræðingar á rekstrarkostnað ef gert er ráð fyrir að meðalrekstrarkostnaður á árunum 2010 –2014 sé 100.

Tafla 10. Dæmi um áhrif hagræðingarkröfu á rekstrarkostnað.

Áhrif hagræðingarkröfu á rekstrarkostnað - 15 ára aðlögunartími							
Ár	Meðaltal rekstrarkostnaðar 2010-2014	Meðal rekstrarkostnaður 2010 - 2014 eftir hagræðingu		Uppsöfnuð	Verðbólga*	Uppsöfnuð verðbólga*	Settur rekstrarkostnaður [að teknu tilliti til verðlagsbreytinga]
		Árleg hagræðing	Árleg hagræðing	árleg hagræðing			
2016	100	99	0,6%	0,6%	2,5%	2,5%	102
2017	100	99	0,6%	1,3%	2,5%	5,1%	104
2018	100	98	0,6%	1,9%	2,5%	7,7%	106
2019	100	97	0,6%	2,5%	2,5%	10,4%	108
2020	100	97	0,6%	3,1%	2,5%	13,1%	110

*Verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands. Verðbólga viðkomandi árs liggur fyrir þegar tekjumörk eru gerð upp.

5.4.3. Flutningsfyrirtækið - niðurstaða Orkustofnunar og hinna sérfróðu aðila um hagræðingarkröfu

Eins og Orkustofnun kynnti með bréfi sínu dags. 1. júlí 2015 var það mat hinna sérfróðu aðila að fara skyldi fram hagrænt mat á dreifiveitunum og flutningsfyrirtækinu, eftir að þeir höfðu kynnt sér þróun raun rekstrarkostnaðar fyrirtækjanna á árunum 2010 - 2014.

Þann 31. ágúst 2015 sl. skiluðu hinir sérfróðu aðilar Orkustofnun lokaútgáfu af skýrslu með niðurstöðum hagræna matsins, *Mat á skilvirkni Landsnets*. Orkustofnun rýndi niðurstöðurnar og komst í kjölfarið að niðurstöðu um hagræðingarkröfu flutningsfyrirtækisins fyrir tekjumarkatímabilið 2016 –2020.

Niðurstaða hinna sérfróðu aðila var byggð á þeim rekstrargögnum og kerfisupplýsingum frá árunum 2010 –2014, sem flutningsfyrirtækið sendir Orkustofnun fyrir 1. maí ár hvert á grundvelli fjárhags- og rekstrarlegrar eftirlitsskyldu Orkustofnunar sbr. 8. gr., 12. gr., 25. gr. og 41. gr. raforkulaga. Með bréfi dags. 1. júlí 2015 gafst flutningsfyrirtækinu kostur á að koma að athugasemdum við umrædd gögn til Orkustofnunnar og að svara spurningum frá hinum sérfróðu aðilum um rekstrargögnin þar sem ætlunin var að varpa skýrara ljósi á tiltekna kostnaðarliði í rekstrinum. Orkustofnun kom svörum flutningsfyrirtækisins og athugasemdum við gögnin á framfæri við hina sérfróðu aðila og var tekið tillit til þeirra þegar forsendur hagræna matsins voru unnar.

Eftir að hafa farið ítarlega yfir niðurstöðu hinna sérfróðu aðila var það mat stofnunarinnar að byggja niðurstöðu sína á þeirri aðferðafræði og niðurstöðum sem fram komu í skýrslu hinna sérfróðu aðila, *Mat á skilvirkni Landsnets*, og setja árlega hagræðingu sem 0 á næsta tekjumarkatímabili fyrir flutningsfyrirtækið.

5.5. Gæði raforku og afhendingaröryggi

Orkustofnun hefur skv. reglugerð 1048/2004 eftirlit með raforkugæðum og afhendingaröryggi.

Í því er fólgið að setja öllum aðilum raforkumarkaðarins kröfur um raforkugæði og afhendingaröryggi.

Fyrirtækjunum ber að skrá í þar til gerðan gagnagrunn ástand spennu og tíðni, sem og allar bilanir, rekstrartruflanir og straumleysi ásamt umfangi þess. Slíkur samanburður milli ára og milli fyrirtækja er gagnlegur mælikvarði á breytingar á afhendingaröryggi þeirra.


Fyrirtækin skulu árlega setja sér markmið um fækkun truflana, bilana og skerðingar og skila árlega skýrslu til Orkustofnunar með samantekt um afhendingaröryggi síðasta árs í samanburði við markmið fyrirtækisins. Ef Orkustofnun telur þörf á, getur hún kallað eftir frekari gögnum.

Nái fyrirtækin ekki settum markmiðum um gæði raforku og afhendingaröryggi skulu þau gera Orkustofnun grein fyrir ástæðum þess að þau náðust ekki og fyrirhuguðum aðgerðum til úrbóta.

Ef ekki næst samkomulag milli flutningsfyrirtækis/dreifiveitu og viðskiptavinar varðandi gæði raforku og afhendingaröryggi ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að upplýsa viðskiptavininn um að heimilt sé að kvarta til Orkustofnunar sem eftirlitsaðila.

Truflanaskráning skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 513/2003 og ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að varðveita skráninguna að lágmarki í 10 ár. Þá skulu truflanaskráningar vera í samræmi við reglur starfshóps um rekstrartruflanir (START) sem Orkustofnun hefur samþykkt. Mynd 1 sýnir þróun fyrirvaralausra skerðinga á raforkuafhendingu á hvern notanda skipt á dreifiveitur og meðaltal hvers árs á árunum 2011-2014. Síðustu 3 ár var talsvert um áföll í flutnings- og dreifikerfi í dreifbýli sem sýnir sig í auknu straumleysi hjá Orkubúi Vestfjarða og RARIK. Stærstu áföllin voru öll vegna erfiðra veðurskilyrða.

Mynd 1. Þróun skerðingar hjá dreifveitum með hlaupandi meðaltali. SAIDI.



5.6. Mál fyrir úrskurðarnefndum

Úrskurðarnefnd raforkumála er skipuð á grundvelli 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur skipað eftirtalda aðila í nefndina frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2015. Breytingar hafa orðið á nefndinni en Kristín Haraldsdóttir óskaði lausnar í desember og Jón Trausti Sigurðarson tók sæti í nefndinni í janúar 2015. Ný úrskurðarnefnd var ekki skipuð á árinu 2015.

Nefndarmenn eru:	Varamenn eru:
Pétur Örn Sverrisson lögmaður, formaður	Viðar Lúðvíksson, hrl., varaformaður
Jón Trausti Sigurðarson	Helga Harðardóttir, löggiltur endurskoðandi
Sandra Franks, stjórn málafræðingur	Ragnar J. Jónsson, löggiltur endurskoðandi

Úrskurðarnefndinni er ætlað það hlutverk að úrskurða um kærur sem henni berast vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna. Úrskurði í heild sinni má sjá á www.urskurdir.is.

Eftirfarandi er yfirlit yfir úrskurði nefndarinnar vegna stjórnvaldsákvarðana Orkustofnunar á árinu 2015:

5.6.1. Mál 2/2014 Norðurál Grundartangi ehf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð í máli 2/2014 þann 24. febrúar 2015 í máli er varðaði staðfestingu Orkustofnunar á gjaldskrá Landsnets nr. 17. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar í málinu var sú að vísa málinu frá þar sem sú háttsemi Orkustofnunar að gera ekki athugasemd við gjaldskrá Landsnets hf. nr. 17 hafi ekki falið í sér stjórnvaldskákvörðun.

5.6.2. Mál 3/2014 Norðurál Grundartangi ehf. gegn Orkustofnun

Úrskurðarnefnd raforkumála kvað upp úrskurð í máli 3/2014 þann 24. febrúar 2015 í máli er varðaði ákvörðun Orkustofnunar um tekjumörk flutningsfyrirtækisins fyrir tekjumarkatímabilið 2011-2015. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var sú að vísa bæri málinu frá þar sem kærandi ætti ekki aðild að þeirri ákvörðun sem kæra beindist að.

5.7. Leiðbeiningar á vefsíðu Orkustofnunar

Orkustofnun hefur tekið saman margs konar leiðbeiningar sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar. Engar nýjar leiðbeiningar voru gefnar út á árinu 2014. Núgildandi leiðbeiningar stofnunarinnar má finna á vefsíðunni: <http://www.orkustofnun.is/raforka/raforkueftirlit/leidbeiningar/>

5.8. Leyfisveitingar

Rétt er að geta þess að þann 28. maí tóku gildi breytingar á raforkulögum sem snúa að kerfisáætlun flutningsfyrirtækis. Samhliða þessum breytingum voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi leyfisveitinga vegna nýrra flutningsvirkja. Eftir breytingarnar þarf eingöngu að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun. Eftir sem áður þarf þó að sækja um leyfi Orkustofnunar ef ný flutningsvirki eru ekki hluti af framkvæmdáætlun kerfisáætlunar sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun.

Áður en framangreindar lagabreytingar tóku gildi voru veitt leyfi fyrir eftirtöldum framkvæmdum.

5.8.1. Raforkuflutningsvirki í Vestmannaeyjum

Leyfið tekur til nýs 66 kV raforkuflutningsvirkis í Vestmannaeyjum, breytinga í tengivirki Landsnets í Rimakoti og styrkingar á hluta Rimakotslínu 1 til þess að auka flutningsgetu hennar. Leyfið var veitt þann 11. ágúst 2015.

5.8.2. Raforkuflutningsvirki við Grundarfjörð

Leyfið tekur til nýs 66 kV raforkuflutningsvirkis í Vestmannaeyjum, breytinga í tengivirki Landsnets í Rimakoti og styrkingar á hluta Rimakotslínu 1 til þess að auka flutningsgetu hennar. Leyfið var veitt þann 11. ágúst 2015.

5.9. Erlent samstarf

Orkustofnun hefur verið aðili að NordREG sem eru samtök reglunaraðila á Norðurlöndunum. Á vettvangi NordREG er m.a. unnið að verkefnum tengdum aðferðarfræði við fjárhagsþætti eftirlits, eignamat, afskriftir og arðsemi svo og aukna neytendavernd í samræmi við þriðju raforkutilskipun Evrópusambandsins. Orkustofnun tekur virkan þátt í tveimur starfshópum á vegum NordREG.

Ásamt Landsneti er Orkustofnun þátttakandi í samstarfi eftirlitsaðila og flutningskerfa á Norðurlöndum vegna viðbragða í vá, þ.e. NordBER (Nordisk Beredskapsforum). Orkustofnun hefur einnig verið þátttakandi í vinnuhópi um greiningu á áhættu og viðkvæmni gagnvart hvers konar vá fyrir flutningskerfið.

Orkustofnun er aðili að CEER (Council of European Energy Regulators) sem er samráðsvettvangur fyrir reglunaraðila innan Evrópu.

Raforkueftirlit skilar orkutölfræði til International Energy Association (IEA) og einnig til hagsýslustofnunar Evrópusambandsandsins (Eurostat) og tekur þátt í „Energy working group“ innan Eurostat.

5.10. Fyrirspurnir og kvartanir

Í raforkutilskipun Evrópusambandsins er m.a. kveðið á um að halda skrá utan um fyrirspurnir og kvartanir. Árlega berast allnokkrar fyrirspurnir og kvartanir til Orkustofnunar, sem lúta að raforkueftirliti. Flestar þeirra tengjast verðskrá og gjaldtöku svo og túlkun á reglugerðarákvæðum. Til þess að létta á álagi vegna fyrirspurna varðandi tölfræði hefur Orkustofnun leitast við að birta upplýsingar um ýmsa tölfræði á heimasíðu sinni í upphafi árs.

Á árinu 2015 bárust fimm kvartanir og 46 fyrirspurnir.

Tafla 11. Yfirlit yfir fjölda kvartana og fyrirspurna árin 2012 til 2015

Ár	Fjöldi kvartana	Fjöldi fyrirspurna	Samtals
2012	2	25	27
2013	9	49	58
2014	4	43	47
2015	5	46	51

Kvartanir fjölluðum um:

- ✓ Gjaldtöku vegna stórnotenda sem tengjast dreifiveitum.
- ✓ Kröfu dreifiveitna um getu til eyjakeyrslu hjá virkjunum.
- ✓ Aðgengi að upplýsingum um rafmagns- og vatnsnotkun.
- ✓ Tjón vegna rafmagnstruflana.
- ✓ Heimild til rafmagnsdreifingar milli eigna.

Fyrirspurnir fjölluðu m.a. um:

- ✓ Tölfræði.
- ✓ Framleiðslutölur v/raforkuframleiðslu.
- ✓ Val á raforkusala.
- ✓ Gjaldskrármál.
- ✓ Tekjumörk.
- ✓ Orkukostnað.
- ✓ Upprunaábyrgðir.
- ✓ Niðurgreiðslur t.d. vegna rafmagnsnotkunar á köldum svæðum.
- ✓ Heimtaugar.
- ✓ Rafmagnsmæla/aflestur, m.a. mikil notkun (hár uppgjörreikningur).
- ✓ Innheimtumál/uppgjörsmál v/rafmagnsreikninga.

5.11. Upprunaábyrgðir

Samkvæmt lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgðir vegna raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og reglugerð nr. 757/2012 um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku, er Orkustofnun falið ákveðið eftirlitshlutverk varðandi útgáfu á upprunaábyrgðum.

Framleiðendum raforku er heimilt að gefa út og selja svokallaðar upprunaábyrgðir fyrir þá orku sem þeir framleiða á vistvænan hátt. Markmiðið er að stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og stuðla þannig að aukinni umhverfisvitund. Hægt er að kaupa upprunaábyrgðir af framleiðslu- eða sölufyrirtækjum raforku. Fyrirtæki sem kaupa slíkar upprunaábyrgðir geta þannig vottað að við framleiðslu sinnar vöru hafi eingöngu verið notuð vistvæn orka. Einnig er möguleiki fyrir einstaklinga að kaupa slíkar ábyrgðir af sölufyrirtækjum raforku.

Sölufyrirtæki raforku skulu a.m.k. árlega upplýsa notendur sína um uppruna raforku og eru slíkar upplýsingar yfirleitt birtar á uppgjörreikningi notenda en einnig er heimilt að senda viðskiptavinum sérstaka yfirlýsingu sem Orkustofnun gefur út árlega sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Orkustofnunar.

Við útreikning á samsetningu uppruna afhentar raforku á Íslandi, sem framkvæmt er af Orkustofnun, er tekið mið af seldum upprunaábyrgðum til annarra landa frá Íslandi, ásamt upprunaábyrgðum sem fluttar eru inn eða notaðar á Íslandi. Útreikningur Orkustofnunar tekur síðan mið af samsetningu uppruna raforku í Evrópu. Útkoman verður því sú að á uppgjörreikningi er einnig kjarnorka og jarðefnaeldsneyti, fyrir utan endurnýjanlega orku, tilgreind á reikningi sem uppruni raforku á Íslandi.

Sala á upprunaábyrgðum hófst á árinu 2011. Heldur meiri umræða var í samfélaginu um upprunaábyrgðir á árinu 2015 en hefur verið áður.

Sala á upprunaábyrgðum frá árinu 2011 til ársins 2015 er eftirfarandi í TWh:

Tafla 12. Yfirlit yfir útgefnar upprunaábyrgðir

Upprunavottorð [TWh]	2011	2012	2013	2014	2015
Útgefnar upprunaábyrgðir.....	2,06	8,22	11,79	10,13	6,51
Afskráð.....	0,00	-0,25	-0,07	-0,01	-1,10
Afturkölluð.....	0,00	-0,90	-0,02	-0,02	0,00
Samtals.....	2,06	7,07	11,70	10,11	5,41

Þar sem útgefnar upprunaábyrgðir segja ekki alla söguna varðandi útreikning á uppruna raforku á Íslandi eru einnig hafðar með upplýsingar um afskráðar og afturkallaðar upprunaábyrgðir en það er heildartalan sem skiptir mestu máli. Því meira sem upprunaábyrgðir eru afskráðar á Íslandi verður reiknaður uppruni raforku á Íslandi með hærra hlutfall endurnýjanlegrar orku og nær raunverulegum uppruna raforku á Íslandi en hlutfall endurnýjanlegrar orku í raforkuframleiðslu á Íslandi er 99,99%

Nánari upplýsingar um upprunaábyrgðir og almenna og sértæka yfirlýsingu eru aðgengilegar á heimasíðu Orkustofnunar.

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir kostnað við upprunaábyrgðir. Skráðir eru 168,5 tímar á verkefnið. Annar kostnaður er 0.

Tafla 13. Yfirlit yfir kostnað vegna upprunaábyrgða þ.kr.

Texti	Þús. kr.	
Vinnuþáttur OS.....	2.220	100,0%
Annar kostnaður.....	0	0,0%
Samtals.....	2.220	100,0%

6. Rekstaráætlun raforkueftirlitsins

Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, dagsett x. júlí 2016, fylgir með skýrslunni í viðauka A. Orkustofnun hefur kynnt sér álit hinna eftirlitsskyldu aðila og í kafla 2. eru skýringar Orkustofnunar við athugasemdir samráðshópsins.

6.1. Raforkueftirlitsgjald

Fjármögnun raforkueftirlits er grundvölluð á 31. gr. raforkulaga en í greindu ákvæði er kveðið á um að Orkustofnun skuli innheimta fyrir ríkissjóð eftirlitsgjöld. Er flutningsfyrirtæki gert að greiða sem nemur 0,4 aukum fyrir hverja kWst af raforku sem er mótuð inn á flutningskerfið en dreifiveitum sem nemi 1 eyri á hverja kWst af þeirri raforku sem er móttækin frá flutningskerfi eða beint frá virkjun.

Fyrir árið 2015 samsvöruðu tekjur af þessum gjöldum: 108,6 m.kr. Ef gert er ráð fyrir 1,9% aukningu í flutningi og dreifingu raforku á milli ára má reikna með að tekjur raforkueftirlits árið 2016 verði 110,6 m.kr. og 112,7 m.kr. fyrir árið 2017.

6.2. Gjaldtaka á grundvelli 31. gr. raforkulaga

Raforkueftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum rekstrarkostnaði vegna eftirlits raforkueftirlitsins á grundvelli raforkulaganna. Um er að ræða lögboðið gjald fyrir eftirlit. Eftirlitsgjaldið er reiknað út frá áætluðum kostnaði af eftirliti og er því byggt á svipuðum sjónarmiðum og um þjónustugjöld. Hins vegar er ekki um að ræða hreint þjónustugjald þar sem kostnaður við raforkueftirlit er breytilegur eftir árum og jafnvel mánuðum.

Fjöldmörg mál og eftirlitsverkefni raforkueftirlitsins eru almenns eðlis og varða fleiri en einn flokk eftirlitsskyldra aðila eða markaðinn í heild, sama á við um verkefni sem varða innri starfsemi eftirlitsins. Í samræmi við þessi sjónarmið hefur löggjafinn gert ráð fyrir því í 2. mgr. 31. gr. raforkulaga að orkumálastjóri gefi skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað á hverju ári og að lagt sé mat á það hver þróun eftirlitsins hefur verið síðast liðin 3 árin.

Vegna aukins vinnuframlags raforkueftirlits vegna eftirfarandi þátta óskar Orkustofnun eftir hækkun á raforkueftirlitsgjaldi um 20% sem samsvarar hækkun um eitt stöðugildi.

Ástæður óskar Orkustofnunar um hækkun á raforkueftirlitsgjaldi eru eftirfarandi:

1.	Kerfisáætlun 0,5 stöðugildi skv. frumvarpi.
2.	Tölfræði
3.	Gæði raforku
4.	Gjaldið ekki vísitölutengt

Niðurstaðan yrði að þessum breytingum vegna 20% hækkunar væri að raforkueftirlitsgjald dreifiveitna myndi hækka úr einum eyri í 1,2 eyri og hjá flutningsfyrirtæki myndi gjaldið hækka úr 0,40 aurum í 0,56 aura. Þessi hækkun myndi leiða til þess að áætlað tekjurammi raforkueftirlits myndi hækka um 21,8 m.kr. Ennfremur hefur tímagjald hækka og til að mæta því þarf raforkueftirlitsgjald að hækka um 20% til viðbótar til að ná jafnvægi í starsemi raforkueftirlits. Samkvæmt framangreindu er það tillaga raforkueftirlits að gjaldið hækki samtals um 40% þannig að raforkugjald dreifiveitna færi úr einum eyri í 1,4 eyri og raforkugjald flutningsfyrirtækis færi úr 0,40 aurum í 0,56 aura.

6.3. Nýting raforkueftirlitsgjalds

Notendur greiða á endanum raforkueftirlitsgjaldið sem innheimt er skv. 31. gr. raforkulaga enda er það inni í tekjumörkum sérleyfisfyrirtækjanna. Í samræmi við athugasemdir með frumvarpi til raforkulaga fellur meginþungi eftirlitsins undir eftirlit með flutningsfyrirtækinu og dreifiveitunum en einskorðast ekki við þessa aðila heldur snýr einnig að vinnslufyrirtækjum. Þessi skilningur fær einnig stoð í úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2010.

Kveðið er á um eftirlit með starfsemi samkvæmt raforkulögum í 24. gr. laganna:

„Orkustofnun skal hafa eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt lögum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samningi skv. 8. gr. og öðrum heimildum.“

Í 28. gr. raforkulaga er einnig tekið fram að Orkustofnun hafi eftirlit með því að vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitur uppfylli kröfur um gæði og afhendingaröryggi sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

6.4. Rekstrarumfang raforkueftirlits árið 2015

Í meðfylgjandi töflu sést sundurliðun á kostnaði raforkueftirlits eftir verkefnaflokkum.

Tafla 14. Tekjur og gjöld 2015 þ.kr.

	Texti	Upphæð	Hlutfall
A	Tekjur	108.576	
B	Vinnuþáttur OS	100.251	
C	Gjöld		
	Nr.	Texti	
	1.	Leyfi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna..	4,0 0,0%
	2.	Tekjumörk.....	1.366,1 4,6%
	3.	Greining og úttekt.....	1.721,5 5,8%
	4.	Raforkueftirlit, Almenn.....	159,7 0,5%
	5.	Öflun gagna og miðlun upplýsinga.....	93,9 0,3%
	6.	Raforkuspá.....	10.403,6 34,9%
	7.	Alþjóðleg samvinna.....	3.796,2 12,7%
	8.	Innlend samvinna.....	55,8 0,2%
	9.	WACC.....	3.389,1 11,4%
	10.	Lögfræðileg mál, kærur ofl.....	3,8 0,0%
	11.	Hagræðingarkrafa [Nýtt 2015].....	8.809,3 29,6%
	12.	Ráðstefnur.....	0,0 0,0%
	13.	Námskeið.....	0,0 0,0%
		Samtals gjöld.....	29.803 100,0%
A-B-C	Mismunur.....	-21.478	

Eins og áður hefur komið fram er vinnuþáttur eða kostnaður vegna upprunaábyrgða ekki innifalinn í framangreindri töflu. Vinnuþáttur og kostnaður vegna upprunaábyrgða má sjá í kafla. 5.11 í töflu 13.

6.5. Yfirlit fyrir árin 2012 til 2017

Fyrir árin 2012 til 2015 eru tekjur og gjöld skv. rauntölum. Fyrir árin 2016 og 2017 eru bæði tekjur og gjöld áætluð.

Tafla 15. Yfirlit fyrir árin 2012 til 2017 þ.kr.

		2012	2013	2014	2015	2016	2017
	Vinnuframlag OS [klst.]	7.117	7.354	8.169	7.609	7.700	7.700
A	Tekjur OS (raforkueftirlitsgjald)	98.341	100.260	103.279	108.576	110.600	112.700
B	Gjöld samtals	96.738	92.897	105.205	130.054	126.500	126.500
b1	Vinna OS	75.660	76.949	91.751	100.251	101.500	101.500
b2	Aðkeypt þjónusta og annar kostn.	21.078	15.949	13.455	29.803	25.000	25.000
A-B	Afgangur/-halli	1.603	7.363	-1.926	-21.478	-15.900	-13.800
	Uppsafnað	-10.536	-3.173	-5.099	-26.578	-42.478	-56.278

6.6. Kostnaður raforkueftirlits

6.6.1. Vinnuþáttur OS [b1].

Fjöldi starfsmanna ræður mestu um helstu rekstrarstærðir raforkueftirlitsins, áætlað er að fjöldi ársverka aukist næstu ár. Þessu til stuðnings má m.a. benda á að Orkustofnun var á árin fengið nýtt verkefni í tengslum við kerfisáætlun vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á raforkulögum með lögum nr. 26/2015. Þá bættust einnig við verkefni hjá raforkueftirlitinu í tengslum við tölfraeðivinnslu. Gert er ráð fyrir að á árinu 2016 starfi áfram þrjú sérfræðingar auk lögfræðings í fullu starfi við raforkueftirlit.

Tími orkumálastjóra og starfsmanna, sem sinna stoðþjónustu við raforkueftirlitið innan Orkustofnunar er ekki skráður sérstaklega á verknúmer raforkueftirlitsins. Kostnaður á hverja vinnustund innheldur kostnað vegna launtengdra gjalda, orlofs, veikindaréttar, yfirstjórnar, húsnæðis, vinnuaðstöðu, tölvu- og prentkostnaðar og allrar stoðþjónustu. Stoðþjónustan sem um er að ræða er meðal annars vegna, tækniþjónustu, skrifstofuhalds, rekstrar og bókhalds, skjalastjórnunar, símsvörunar, mötuneytis, fundaraðstöðu og bókasafns.

6.6.2 Aðkeypt þjónusta og annar kostnaður [b2]

Undir þessum lið er ýmis kostnaður við aðkeypta sérfræðiþjónustu, má þar nefna endurskoðun á bókhaldi eftirlitsskyldra aðila, nefnd til ákvörðunar á arðsemi fyrirtækjanna (WACC nefnd) ofl.

6.7. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2016

Samkvæmt 3. mgr. 31. gr. raforkulaga ber Orkustofnun að annast innheimtu gjalda til að standa undir kostnaði við eftirlit á grundvelli raforkulaga. Reiknað er með að kostnaður við raforkueftirlit Orkustofnunar verði sambærilegur árin 2016 og 2017. Því er lagt til að gjöld eftirlitsskyldra aðila hækki sbr. kafla 6.2 og hækki um 40%. Atvinnuvega - nýsköpunarráðuneytinu hafa verið sendar óskir Orkustofnunar um þessa hækkun.

Viðauki A – Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila

Orkustofnun
Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

23. maí 2016

Varðar: Skýrsla Orkustofnunar um raforkueftirlit, OS-2016/02

Umsögn samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila

Orkustofnun (OS) hefur sent samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, sem starfar samkvæmt raforkulögum, drög að skýrslu stofnunarinnar um raforkueftirlit. Samkvæmt ákvæðum raforkulaga skal skýrslunni fylgja umsögn nefndarinnar.

Nefndinni bárust skýrsludrögin til umsagnar fimmtudaginn 12. maí og áttu nefndarmenn góðan fund með starfsfólki OS miðvikudaginn 18. maí, þar sem efni draganna var m.a. kynnt og ýmis atriði útskýrð og rædd.

Almennt kostnaðaraðhald

Samráðsnefndin er meðvituð um nauðsyn þess að fullt traust ríki á störf fyrirtækja sem fara með sérleyfisrekstur á nauðsynlegri grunnþjónustu. Til þess að svo megi vera þarf samnarlega að viðhafa eðlilegt eftirlit með starfsemi, eftirlit sem sátt geti ríkt um. Að mati nefndarinnar er þó rétt að hafa ávallt aðhald að leiðarljósi og reyna að forðast óþarfa kostnað. Fyrirtækin eru að langmestu leyti í eigu opinberra aðila, hafa með höndum viðtækt innra eftirlit og stjórnir þeirra eru skipaðar fulltrúum sem skipaðir eru af opinberum aðilum. Starfsemin ætti því ekki að kalla á umfangsmikið opinbert eftirlit, að mati nefndarinnar, enda þá spurning um forsendur þeirrar kröfu sem gerð er til sérleyfisfyrirtækjanna um meirihlutaeign opinberra aðila.

Sem dæmi um þetta atriði kemur fram í kafla 5.1, um söfnun bókhaldsgagna, að þau eru yfirfarin af endurskoðunarfyrirtæki til að staðfesta að þau séu í samræmi við endurskoðaða ársreikninga fyrirtækjanna og að færsla kostnaðar sé í samræmi við raforkulög. Í umsögnunum samráðsnefndarinnar undanfarin tvö ár kemur fram að nefndin telur rétt að skoða hvort þetta verklag feli e.t.v. í sér óþarfa kostnað. Ítrekar nefndin hér þá tillögu að skoðað verði hvort ekki sé rétt að breyta þessu verklagi á þá hund að slík viðbótar endurskoðunarvinna verði keypt með einhverra ára fresti vegna gagna frá hverju fyrirtæki.

Tillögu um 40% hækkun eftirlitsgjalds andmælt

Í skýrsludrögunum er boðuð tillaga um 40% hækkun eftirlitsgjaldsins. Minnt skal á það hér að gjaldið var síðast hækkað árið 2012, þá um 100%. Frá þeim tíma hefur almennt verðlag hækkað um 8%. Í skýrsludrögunum er fjallað um ný verkefni sem skýri umrædda tillögu að helmingi til (20%), einkum vegna kerfísáætlunar, en einnig

kemur fram að 20% hækkunartillaga kemur til vegna hækkaðs tímagjalds OS. Sú hækkun er a.m.k. verulega umfram hækkun verðlags almennt, en jafnframt skal bent á það hér að líkt og fram kemur í skýrsludrögum OS voru tiltekin verkefni mjög tímafrek á liðnu ári. Þar á meðal eru verkefni sem ekki eru á borði stofnunarinnar ár hvert, sbr. setningu tekjumarka sem unnið er að á fimm ára fresti. Á móti kemur að önnur slík verkefni kunna að falla á önnur rekstrarár og þar sem gjaldið er bundið í auratölu í raforkulögum getur nefndin fallist á að gjaldið taki hækkunum í anda almennra verðlagsbreytinga og að einhverju leyti einnig vegna nýrra verkefna. Að mati samráðsnefndar er beiðnin um 40% hækkun umfram allt meðalhóf, ekki síst í ljósi 20% hækkunar tímagjaldsins, og leggst nefndin alfarið gegn svo mikilli hækkun. Það vekur upp spurningar að á sama tíma og eftirlitsskyldu fyrirtækin eru með óbreytta gjaldskrá árum saman þá þurfi eftirlitsaðilinn 100% hækkun 2012 og svo 40% 2016/2017.

Fjármagni ekki kostnað vegna upprunavottorða og virkjanaleyfa

Líkt og undanfarin ár kemur fram í skýrsludrögum að ekki er til staðar sérstök fjármögnun á kostnaði OS vegna útgáfu upprunavottorða. Að sögn starfsfólks OS er sá kostnaður færður sem rekstrarhalli af hennar hálfum, en ekki fjármagnaður með raforkueftirlitsgjaldinu sem lagt er á sérleyfisstarfseminna. Samráðsnefndin vill þó ítreka það frá umsögnum um fyrri skýrslur að nefndin telur óeðlilegt ef gjaldtaka sem innheimt er af sérleyfishlutanum er nýtt til fjármögnunar kostnaðar sem alfarið snýr að samkeppnishluta raforkugeirans.

Hagræðingarkrafa

Í skýrsludrögum er langur kafli um hagræðingarkröfu og þá vinnu sem OS lagði í og keypti að á árinu en þessi vinna á umtalsverðan þátt í umframkostnaði ársins. Fyrirtækin hafa lýst mikilli óánægju með þessa vinnu og talið hana ekki standast neina skoðun og talið fráleitt að nota hana til að gera hagræðingarkröfu á hendur fyrirtækjunum. Þessi óánægja endurspeglast m.a. í því að þrjú fyrirtækjanna hafa kært ákvörðun OS um hagræðingarkröfu til Úrskurðarnefndar raforkumála.

Á fundi nefndarinnar með starfsfólki OS miðvikudaginn 18. maí komu jafnframt fram nokkur atriði sem nefndin vill gjarnan halda til haga, þótt þau varði ekki beint efni skýrsludraganna sem hér eru til umfjöllunar. Í sumum tilfellum var góður samhljómur með nefndinni og starfsfólki OS, en hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum helstu málanna:

1. Brýnustu áskoranir raforkukerfisins snúa að orkuöryggi, eða öllu heldur skorti á því. Enginn hefur í dag það hlutverk að tryggja raforkuöryggi í landinu. Við núverandi aðstæður, þar sem skortur er á raforku í landinu, er t.d. mjög krefjandi fyrir flutnings- og dreififyrirtækin að tryggja sér raforku til að mæta flutnings- og dreifitöpum. Orkusölufyrirtækin binda mikið orkumagn í langtímasamningum sem gerir þessa stöðu enn erfiðari fyrir sérleyfisfyrirtækin. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að ræða þessa stöðu af fullum þunga á vettvangi forystu raforkumála. Dæmi um viðbrögð gæti verið einhvers konar þak á það hlutfall orkumagns sem sölufyrirtækjum væri heimilað að binda í langtímasamningum.
2. Nefndin telur óeðlilegt að tvöföldun eftirlitsgjaldsins árið 2012 hefur enn ekki haft áhrif á tekjumörk fyrirtækjanna. Þarna þarf nauðsynlega að auka sveigjanleika.
3. Nefndin telið einnig óeðlilegt að rekstur nýrra mannvirkja komi ekki inn í tekjuramma fyrir en sjö árum eftir að rekstur þeirra hefst.

4. Almennt séð telur nefndin að tekjurammaumhverfið verði að geta tekið tillit til nýrra skyldna fyrirtækjanna, en fimm ára tímabilin eru að mati hennar of svifaseinn rammi utan um viðbrögð við slíkum breytingum. Þá er að mati nefndarinnar ótækt að t.d. kostnaður við kaup eða leigu á húsnæði sé meðhöndlaður með sitt hvorum hætti gagnvart tekjurammaviðmiðum. Ekki mega vera til staðar hreinir hvatar til óhagræðis í rekstri.
5. Nefndin telur eðlilegt að aukin verði samræming afskriftarhlutfalla raforkumannvirkja og búnaðar.
6. Nefndarmenn vilja halda því til haga, þótt ekki hafi verið tekið tillit til þeirra ábendinga við umrædda lagasetningu, að óeðlilegt sé að svonefnt verðjöfnunargjald á raforkudreifingu leggist á töp í kerfinu. Þannig eru þau einfaldlega gerð dýrari en ella.
7. Nefndin telur eðlilegt að litið verði til skilgreiningar raforkulaga á stórnótendum, með það að augnamiði að jafna stöðu sambærilegra aðila sem ýmist tengjast flutningskerfinu beint eða tengjast dreifiveitu.
8. Ennfremur verði skoðuð framkvæmd á kerfisframlagi kaupenda sem ekki tengjast flutnings- eða dreifikerfinu, heldur fá afhent beint frá orkusala. Enginn heldur í dag utan um slík uppgjör.
9. Loks ræddi nefndin ákvörðunartökufarla varðandi svæðismörk og innbyrðis ábyrgðir flutningsfyrirtækis og dreifiveitna. Þessi atriði eru því miður ekki ávallt skýr.

Að lokum vill nefndin færa starfsfólki raforkueftirlits OS þakkir fyrir samstarfið.

F.h. samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila,



Guðstaf Adolf Skúlason, formaður

